

**Reitir fasteignafélag hf,
Elín Árnadóttir, stjórnarformaður.**

Sundagarðar hf leggja fram eftirfarandi breytingartillögu við tillögur stjórnar Reita fasteignafélags hf um stefnu um fjárhagsleg markmið og ráðstöfun verðmæta til hluthafa:

1. mgr. 4. töluliðar hljóði þannig:

Stefna félagsins er að greiða hluthöfum stöðugan og vaxandi árlegan arð. Stefnt er að því að skila a.m.k. 1/3 af rekstrarhagnaði hvers árs til hluthafa, annað hvort í formi arðgreiðslna eða með kaupum á eigin bréfum.

Rökstuðningur:

Eðli rekstrar Reita fasteignafélags hf er slíkt að með hóflegri skuldsetningu ætti rekstrarafkoma félagsins að vera nokkuð stöðug. Eftir fjárhagslega endurskipulagningu á liðnu ári er Reitir fasteignafélag hf mjög vel fjármagnað og miðað við stefnu félagsins um æskileg skuldsetningarhlutföll er félagið með of mikið eigið fé. Félagið gæti að óbreyttu stækkað efnag sinn um 30 milljarða og fjármagnað þær fjárfestingar algjörlega með lánsfé án þess að fara út fyrir skuldsetningarviðmið félagsins. Félagið hefur því rúma stöðu til að skila rekstrarafgangi til hluthafa. Í stað þess að setja efri mörk á hlutfalli árlegs rekstrarhagnaðar sem skila skuli til hluthafa er eðlilegra við núverandi fjárhagsstöðu félagsins að setja slíkri úthlutun neðri mörk.

Sundagarðar hf leggja fram eftirfarandi breytingartillögu við tillögur stjórnar Reita fasteignafélags hf um laun stjórnar og undirnefnda stjórnar fyrir starfsárið 2015:

Stjórnarlaun komandi starfsárs hækki um 5% og verði þannig:

- a) Stjórnarformaður fái kr. 420.000 á mánuði.*
- b) Aðrir stjórnarmenn fái kr. 210.000 á mánuði.*
- c) Formaður endurskoðunarnefndar fái kr. 78.750 á mánuði.*
- d) Aðrir nefndarmenn endurskoðunarnefndar fái kr. 52.500 á mánuði.*
- e) Nefndarmenn starfskjaranefndar fái kr. 52.500 fyrir hvern setinn fund.*

Greiðslur til endurskoðenda skulu vera samkvæmt reikningi.

Rökstuðningur:

Reitum fasteignafélagi hf ber að sýna samfélagslega ábyrgð. Núna stendur þjóðfélagið frammi fyrir harðvítugum kjaradeilum og þjóðhagslega kostnaðarsamar verkfallsaðgerðir eru þegar hafnar. Við slíkar aðstæður er samfélagslega óábyrgt að leggja til 30% hækkun stjórnarlauna.

Kópavogi, 27. apríl 2015.

Sundagarðar hf,
Gunnar Þór Gíslason.